

Stjórnartíðindi 1914. A.

Nr. 3.

Opið brjef,
er stefnir saman alþingi til aukafundar 1. júlí 1914.

Nr. 4.
20. apríl.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Vjer höfum allramildilegast ákveðið, að Alþingi skuli koma saman til aukafundar miðvikudaginn 1. júlí þ. á., og viljum Vjer um þingtímann allramildilegast kveða svo á, að alþingi þetta megi eigi setu eiga lengur en 6 vikur.

Um leið og Vjer birtum þetta Vorum kæru og trúu þegnum á Íslandi, skipum Vjer öllum þeim, sem setu eiga að hafa á tjeðu alþingi, að koma nefndan dag til Reykjavíkur kaupstaðar, og verður þar þá sett alþingi eftir að guðsþjónustugjörð hefur farið fram í dómkirkjunni.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 20. apríl 1914.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

H. Hafstein.

Stjórnartíðindi 1914. A.

Nr. 4.

Konungsbrjef
um setning alþingis.

Nr. 5.
22. apríl.

Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg.

Vjer viljum hjermeð veita yður sem ráðherra Vorum fyrir Vort land Ísland umboð til þess í Voru nafni að setja alþingi það, er koma á saman til aukafundar miðvikudaginn 1. júlí næstkomandi.

Ritað á Amaliuborg, 22. apríl 1914.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

H. Hafstein.

Til herra Hannesar Hafstein, K. af Dbr. og Dbrm.
Vors ráðherra fyrir Ísland.